

Véltak h/f	kr. 150.000.00
Búnaðarbankinn	ca — 5.000.00
Samvinnutryggingar	— — 5.000.00
Sparisjóður Hafnarfjarðar	— — 50.000.00

Samtals ca kr. 265.000.00

Beiðandi hefur ráðið til sín Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmann, Hafnarfirði, til þess að aðstoða sig við að koma nýrri skipan á fjármál sín á þann veg, er að ofan greinir.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að beiðandi á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Bent hefur verið á ákveðnar hugmyndir, hvernig megi koma nýrri skipan á fjármál hans. Beiðandi hefur ráðið til sín lögmann til aðstoðar í því skyni. Þykir því rétt með vísan til 7. gr. laga nr. 6/1978 að kanna til fullnustu, hvort ekki megi koma nýrri skipan á fjármál beiðanda. Veitist því umbeðin greiðslustöðvun í 3 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja með þeim réttarverkunum, er í 8. gr. laga nr. 6/1978 segir.

Úrskurð þennan kvað upp Gissur V. Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Herði Ingólfssyni, Hólabraut 7, Hafnarfirði, nafnnr. 4772-2895, er heimiluð greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 11. mars 1981 að telja samkvæmt II. kafla gjaldprotaskipta-laga nr. 6 frá 5. maí 1978.

Fimmtudaginn 30. apríl 1981.

Nr. 101/1981. **Hótel Esja h/f**

gegn

protabúi Baldurs E. Bjarnasonar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1981, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og tekin verði til greina krafa sú um skuldajöfnuð, sem synjað var með úrskurði skiptaréttar. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lagaheimild skortir til kæru úrskurðar þessa, sbr. lög nr. 75/1973, 21. gr., 1. mgr., 2. tl. b. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Kærumáli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. mars 1981.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 16. mars sl., hefur sóknaraðili, Hótel Esja h/f, krafist skuldajafnaðar á kr. 15.640.35, sem eru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur vegna varnaraðilja, þrotabús Baldurs Elíasar Bjarnasonar, við kröfur sínar í búið, sem alls nema kr. 46.741.80. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið haldið uppi vörnum í máli þessu, og hafa engar kröfur verið gerðar.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði, uppkveðnum 21. apríl 1980, var bú Baldurs Elíasar Bjarnasonar, Sólheimum 25, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Í þinghaldi í skiptaréttinum 7. maí s. á. lýsti þrotamaðurinn sig með öllu eignalausán, og var skiptum lokið 10. september s. á. með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, án þess að greiðsla fengist upp í kröfur skiptabeiðanda. Innköllun var ekki gefin út, en auglýsing um skiptalok birtist í Lögbirtinga-bláðinu 24. september 1980.

Með bréfi póstgíróstofunnar, dagsettu 14. nóvember 1980, var skiptaráðanda send greiðsla að fjárhæð kr. 15.640.35, og var

honum tjáð, að hér væri um greiðslu Hótel Esju h/f að ræða á orlofsfjárröfu póstgíröstofunnar f. h. Baldurs Bjarnasonar. Væri hún send skiptaráðanda vegna gjaldþrotaskipta á búi Baldurs. Í sundurliðun Hótel Esju h/f, sem fylgdi bréfi póstgíröstofunnar í ljósriti, kemur fram, að greiðslan sé vegna orlofsársins 1979 til 1980. Vegna framkominnar greiðslu voru skipti búsins endurupptekin samkvæmt 1. mgr. 131. gr. gjaldþrotalaga þann 11. desember 1980. Var innköllun gefin út, og birtist hún fyrst í 114. tbl. Lögbirtingablaðsins 1980. Kröfur í búið bárust frá Hótel Esju h/f að fjárhæð kr. 46.741.80, Gjaldheimtunni í Reykjavík að fjárhæð kr. 53.358.00 og frá Tryggingamiðstöðinni h/f að fjárhæð kr. 633.15, hinar tvær síðastgreindu auk vaxta og kostnaðar. Í kröfúlýsingu sóknaraðilja var jafnframt gerð áðurgreind skuldajafnaðarkrafa.

Skiptaráðandi gerði skrá um lýstar kröfur í búið 2. mars 1981 í samræmi við ákvæði 108. gr. gjaldþrotalaga. Í henni greindi skiptaráðandi frá þeirri afstöðu sinni til viðurkenningar á kröfu Hótel Esju h/f, að skuldajafnaðarkröfu var vísað til meðferðar skiptafundar, sem boðað var til 16. mars 1981, en fjárhæð kröfu félagsins var samþykkt. Skiptaráðandi lýsti sig hins vegar samþykkan viðurkenningu á kröfum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Tryggingamiðstöðvarinnar. Var kröfuhöfum tilkynnt þessi afstaða með ábyrgðarbréfum og jafnframt minnt á áður auglýstan skiptafund. Á skiptafundi 16. mars sl. var einungis mætt af hálfu sóknaraðilja máls þessa. Mótmæli bárust ekki gegn afstöðu skiptaráðanda til annarra krafna í búið, sem töldust því samþykktar samkvæmt 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Sóknaraðili ítrekaði hins vegar áður gerðar kröfur sínar um skuldajöfnuð.

III.

Sóknaraðili kveður kröfu sína vera tvíþætta. Annars vegar kveður hann sig hafa orðið að greiða samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur kr. 5.167.65, auk vaxta og kostnaðar, til ungþjóns, sem starfaði hjá þrotamanninum og samstarfsþjóni hans, Óve Salomonsen, en þeir hafi báðir unnið hjá sóknaraðilja.

Krafist sé hér endurgreiðslu frá búinu á dómkröfu þessari.

Hins vegar telur sóknaraðili sig eiga kröfu á hendur búinu vegna uppgjors á sölu úr vinstúku á 2. hæð gistihúss sóknaraðilja, en þar kveður hann þrotamanninn, Baldur, og áður nefndan Óve hafa starfað. Sóknaraðili kveður vinstúku þessa rekna þann-

ig. að þjónar kaupi þangað vínföng og annan varning af gisti-húsinu, sem síðan er seldur viðskiptavinum með álagningu þjón-anna. Standi síðan þjónarnir skil á kaupverði þeirrar vöru, sem þeir hafa selt, til gistihússins, en að jafnaði fari vörutalning fram mánaðarlega á vörubirgðum vinstúkunnar og sé sú talning lögð uppgjóri milli þjóna og sóknaraðilja til grundvallar. Í ljós hafi komið, að skil þjónanna, Baldurs og Ove, hafi ekki reynst rétt miðað við uppgjör á grundvelli vörutalningar. Eigi sóknaraðili ógreiddar kr. 41.574.15 vegna þessa.

Samtals gera áðurgreindar fjárhæðir kr. 46.741.80, sem er lýst krafa sóknaraðilja í búið.

Í þinghaldi 9. janúar sl. lýsti þrotamaðurinn þeirri afstöðu sinni til krafna sóknaraðilja, að hann teldi sóknaraðilja ekki hafa haldið uppi öllum tiltækum vörnum í dómsmáli því, sem liggur áðurgreindri endurkröfu til grundvallar. Þrotamaðurinn kvað síðari lið kröfu sóknaraðilja réttan, en lýsti þeirri skoðun, að Ove Salomonsen væri ábyrgur fyrir helmingi kröfunnar.

Um aðdragandann að greiðslu sóknaraðilja á umræddu orlofsfé til póstgíróstofunnar segir svo í kröfulýsingu hans:

„Með bréfi póstgíróstofunnar, dags. 14. 11. 1980, var skiptaráðandanum í Reykjavík send ávísun að fjárhæð kr. 1.564.034.-, en þar var um að ræða greiðslu á orlofskröfu Baldurs Bjarnasonar á Hótel Esju. Rétt er að taka það fram, að upphaflega var það ætlun hótelsins að ná samkomulagi við Baldur Bjarnason um, að orlofskrafa hans gengi upp í framangreindar skuldir. Svo sem áður segir, náðist ekki samkomulag um það, og varð því hótelið að greiða kröfuna til póstgíróstofunnar, sem hafði fengið hana til innheimtu.“

IV.

Sóknaraðili hefur rökstutt skuldajafnaðarkröfu sína með tilvísun til þeirra atvika, sem nú hefur verið greint frá, og 6. kafla gjaldþrotalaga. Rétt er að geta þess, að á skiptafundi 16. mars sl. gaf skiptaráðandi sóknaraðilja kost á að leggja fram frekari gögn um skuldajafnaðarkröfu sína, en í gögnum þeim, er þá komu fram, var ekki um frekari rökstuðning en nú hefur verið getið að ræða.

V.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir formhlið máls þessa. Eins og getið er áður, tók skiptaráðandi þá afstöðu í skrá um

lýstar kröfur í búið að vísa skuldajafnaðarkröfu sóknaraðilja til meðferðar skiptafundar. Telja verður, að þótt skiptaráðandi hafi ekki tekið beina afstöðu til kröfunnar í áðurgreindri skrá, þá verði með hliðsjón af því, að aðrir kröfuhafar létu ekki í ljós afstöðu sína til kröfu sóknaraðilja, að skoða afstöðu skiptaráðanda á þann veg, að hann hafi lýst sig mótfallinn viðurkenningu hennar að öðru óbreyttu. Samkvæmt þessu skoðast því ítrekun sóknaraðilja á skuldajafnaðarkröfunni sem andmæli við afstöðu skiptaráðanda, sem sæta verður meðferð að hætti 110. gr. gjaldþrotalaga. Eins og atvikum var háttað í máli þessu, þótti ekki þörf að boða til nýs skiptafundar, eins og ráðgert er í 2. og 3. tl. 110. gr. ívitnaðra laga.

VI.

Af hálfu kröflhafa, annarra en sóknaraðilja, hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga, verður því að fella úrskurð á mál þetta samkvæmt framkomnum skjölum og skilríkjum. Sóknaraðili hefur vísað til ákvæða 6. kafla gjaldþrotalaga til stuðnings kröfu sinni. Verður að álíta, að tilvísun þessi eigi við 1. tl. 32. gr. sömu laga. Í lagaákvæði þessu er þó ekki fjallað um almenn skilyrði skuldajafnaðar.

Það verður að telja, að til þess að skilyrði til skuldajafnaðar teljist fyrir hendi, þurfi kröfur að vera gagnkvæmar, nánar tiltekið, að aðiljar skuldajafnaðar eigi kröfu hver á hendur öðrum. Í máli þessu krefst sóknaraðili skuldajafnaðar á fjármunum, sem þegar eru í vörslum búsins, við lýstar kröfur sínar. Hvorki í framlögðu bréfi sóknaraðilja til póstgíróstofunnar, er fylgdi greiðslu margnefnds orlofsfjár, né í framlögðu bréfi síðastgreindrar stofnunar til skiptaráðanda, er féð var framsent honum, er að finna áskilnað um, að greitt sé með fyrirvara um rétt til skuldajafnaðar síðar. Þegar af þessari ástæðu verður að telja, að framangreindu skilyrði til skuldajafnaðar sé enganveginn fullnægt. Samkvæmt þessu brestur því kröfu sóknaraðilja lagastoð, og verður því að hafna henni.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Hótel Esju h/f, um greiðslu lýstrar

kröfu sinnar úr þrotabúi Baldurs E. Bjarnasonar með skulda-
jöfnuði er hafnað.

Málkostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 206/1980. **Sverrir Ármannsson**

gegn

dánarbúi Karls Smára Magnússonar

Almennum tryggingum h/f

Rögnu Lindberg Marusdóttur og

Hagtryggingu h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Sverrir Ármannsson, er eigi sækir dómþing
í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs,
ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 9/1981. **Jörmundur Ingi Hansen**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Jörmundur Ingi Hansen, er eigi sækir dómþing
í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs,
ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.